

Kjarvalsstaðir í aldarfjórðung



Frá formlegri opnun Kjarvalsstaða með Kristjáni Eldjárni forseta og frú Halldóru. Úr myndasafni safnsins.



Kjarvalsstaðir.

Mannvænt hús

24. mars voru 25 ár frá vígslu Kjarvalsstaða, fyrsta varanlega hússins sem reist var hér á landi sérstaklega til sýninga á myndlist. Á áttíðisafmæli Jóhannesar S. Kjarvals 1965 ákváðu borgaryfirvöld að gangast fyrir byggingu húss þar sem bæði yrði aðstaða til að sýna verk Kjarvals og sýningar-salur sem kæmi í stað gamla Listamannaskálans við Kirkjustræti. Hannes Kr. Davíðsson teiknaði húsið, Kjarval tók sjálfur fyrstu skóflustunguna 1966 og húsið var formlega opnað sjö árum síðar með sýningu á verkum hans.

Myndlistarumhverfið íslenska hefur gerbreyst á aldarfjórðungnum sem liðinn er síðan þá og við spurðum núverandi forstöðumann, Eirík Þorláksson listfræðing, hver staða hússins væri núna.

Bæði sleppt og haldið

„Stofnunin sem heitir nú Listasafn Reykjavíkur og samanstendur fyrst og fremst af hinum stóru listaverkagjöfum, Kjarvalssafni, Ásmundarsafni, Errósafni og almennri listaverkagögn borgarinnar, hefur þróast á þessum 25 árum frá því að vera sýningarsalur fyrst og fremst í það að vera safn sem hefur umsjón með yfir þrettán þúsund listaverk-



Eiríkur Þorláksson, forstöðumaður Kjarvalsstaða. DV-mynd Pjetur

um,“ segir Eiríkur. „Næsta skref er viðbótin í Hafnarhúsinu þar sem einhverjir salir verða fastir undir sýningar á verkum úr listaverkagögninni og Errósafni en í öðrum verður möguleiki á breytilegum sýningum. Hér á Kjarvalsstöðum verða einnig breytilegar sýningar í vestursal og miðrymi, en austursalur verður helgaður Kjarval ein-dregnar en verið hefur. Þróunin hefur orðið æ meira í þá átt að geta starfað sem safn fremur en sýningarsalur – án þess að sleppa því hlutverki að fylgjast með því sem er að gerast hverju sinni.“

– Þér finnst þið enn þá þurfa að taka þátt í almennum sýningarhaldi í borginni, þrátt fyrir þessa miklu listaverkagögn og fjölda gallería? „Já, ég held að alltaf verði þörf fyrir að Listasafn Íslands og Listasafn Reykjavíkur komi inn á þann vettvang og vinni verkefni sem eru ekki á færi annarra – stórsýningar og fjárfrek verkefni sem þarf að skipuleggja langt fram í tímann. Því miður eru engar fjárfsterkar listsýningarstofnanir hér sem gætu tekið slík verkefni að sér. Auðvitað hafa ýmsir smærri aðilar unnið mjög gott starf, til dæmis Nýlistasafnið, en greinilega þarf stærri vettvang, auk þess sem þessi stóru opnberu söfn tryggja aðgang að sambærilegum

stofnunum erlendis sem minni staðir eiga kannski erfitt með að koma sér upp. Ég held að starfið verði framvegis ekki síður en hingað til blanda af þessu tvennu.“

– Ertu ánægður með hug borgarbúa til Kjarvalsstaða? „Ég held að það væri stórhættulegt að játa því! En það er ástæða til að vera ánægður með þróunina. Fræðslustarfið hefur fest sig vel í sessi og nýtur vaxandi vinsælda í skólakerfinu. Aðsókn hefur verið jöfn og góð og áberandi að Kjarvalsstaðir eru orðnir staður þar sem fólk hittist og fær sér kaffi eða léttan hádegisverð. Bílastæði eru næg og þetta hús er mannvænt, það má eiga það.“

Síður er hægt að vera ánægður með að starfsemi hafi alltaf verið skorinn þröngur fjárhagsstakkur og starfsmenn eru varla nógu margir til að hægt sé að vinna starfið af þeim metnaði sem menn vilja. En ekki eru ýkja mörg ár síðan menn áttuðu sig á að það þyrfti að vinna önnur störf á söfnum en reka nagla og henga upp myndir þannig að ekki er hægt að segja annað en þróunin hafi verið í rétta átt. Kannski hægar en maður vildi en í rétta átt.“

Í telfni afmælis Kjarvalsstaða hangir þar nú sýning um bygginguna, listamannaskálann við Kirkjustræti og Hafnarhúsið sem mun hysa aðalstöðvar Listasafns Reykjavíkur á nýrri öld. Þar eru einnig sýningar Rúríar, Ólafs Eliássonar og Kjarvals. Opnið alla daga kl. 10–18.

Fyrirlestur um leirlist


Tetsuya Yamada leirlistamaður frá Japan heldur fyrirlestur um eigin list og japanska leirlist í Barmahlíð, fyrirlestrarsal Myndlista- og handíðaskóla Íslands, Skipholti 1, í dag kl. 12.30.

Proust og Gunnar

Umsjónarmaður var aðeins of fljótur á sér í þessum dálki fyrir viku og auglýsti Skálaglamm um Marcel Proust og Gunnar Gunnarsson á rás 1 daginn eftir.

Hið sanna er að þessi þáttur er ekki fyrr en á morgun, þriðjudaginn 31. mars, kl. 13.20. Þá stýrir Torfi Tulinius umræðum Sigurjóns Björnssonar sálfræðings og Sveins Skorra Höskuldssonar bókmenntafræðings um bernskusögur þessara tveggja öndvegishöfunda.

Þátttakendur munu meðal annars ræða um hvað það er sem knýr rithöfunda til að klæða bernsku sína í skáldsögubúning.



Leyniskyttan

Í dag kl. 13.05 hefst sakamálaeikritið Leyniskyttan eftir Ed MacBain í þýðingu og leikgerð Illuga Jökulssonar. Það er í tólf þáttum og nær því fram að páskum. Með helstu hlutverk fara Þorsteinn Bachmann, Stefán Jónsson og Guðrún S. Gísladóttir en Asa Hlín Svavarsdóttir stýrði leik.

Aðalleikarar Leyniskyttunnar lofa nístandi spennu á rás 1.



Alþjóðleg próf í spænsku

Föstudaginn 8. maí verða haldin alþjóðleg próf í spænsku í Háskóla Íslands og rennur innritunarfrestur út 3. apríl. Innritun fer fram hjá Nemendaskrá skólans. Nánari upplýsingar veitir Margrét Jónsdóttir, lektor í spænsku við HÍ.

Kristín tilnefnd

Leikskáldaverölaun Norðurlanda verða veitt í fjórða sinn í ágúst í sumar á norrænu leikhúsdögum í Tampere í Finnlandi. Dómnafnd skipuð af Leiklistarsambandi Íslands hefur tilnefnt Ástarsögu 3 eftir Kristínu Ómarsdóttur sem framlag Íslands. Það verk var frumsýnt á Litla sviði Borgarleikhússins 12. september sl. Kristín hlaut Menningarverölaun DV fyrir skáldsöguna Elskan mín ég dey sem kom út fyrir jólin.



Leikritin sem tilnefnd eru frá öðrum Norðurlöndum eru Det velsignede barn eftir Astrid Saalbach frá Danmörku, Kára besvikelser í kærleik eftir Jouko og Juha Turkkka frá Finnlandi, Dagens lys eftir Jesper Halle frá Noregi og Klinikken eftir Lars Norén frá Svíþjóð.

Íslenska dómnafndin var skipuð Hafliða Arngrímssyni, Hávari Sigurjónssyni og Melkorku Ólafsdóttur.

Lesarinn

Skáldsagan Lesarinn eftir þýska spennusagnahöfundinn Bernhard Schlink er komin út í íslenski þýðingu Artúrs Björgvins Bollasonar aðeins tveim árum eftir að hún kom út og sló í gegn í heimalandinu. Þetta er saga af óvæntu og óvenjulegu en eldheitu ástarsambandi fimmtán ára drengs og konu sem er tuttugu árum eldri. Svo hverfur konan skyndilega og pilturinn hittir hana ekki aftur fyrr en mörgum árum seinna við kringumstæður sem hann hefði aldrei óráð fyrir...

Mál og menning gefur út í ritröðinni Sýrlum og Robert Guillemette gerði kápu.

Misritun á nafni

Svo hörmulega vildi til á fimmtudaginn að ranglega var farið með nafni Einarar Kristjáns Einarssonar gítarleikara í grein um gítarhátíð í Gerðubergi. Beðist er innilega afsökunar.

Umsjón

Silja Aðalsteinsdóttir

Áminning

Sýning Rúríar, Paradís? Hvenær? á Kjarvalsstöðum kom mér á margan hátt á óvart. Frameftir ferli sínum veit ég til þess að Rúrí var mjög pólitísk listakona en að undanförunu hafa verk hennar fremur fjallað um afstæð, fagurfræðileg fyrirbæri eins og stærðir og hlutföll, tímann og hvernig hann leikur heiminn. En þessi sýning snýst um stríðsáráttu mannsins og er sett fram á þann hátt sem við nútímafólk skiljum sennilega best, með beinum upplýsingum texta, tölfræði, blaðafréttum og ljósmyndum.

Sýningunni má skipta upp í nokkrar deildir. Við innganginn blasa við stórar álettraðar málmplötur með inngangi Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna og brotum úr Genfarsáttmálanum svo og upplýsingum um öll þau stríð sem háð hafa verið á síðasta áratug og fjölda fórnarlamba í hverju um sig. Einnig eru upplýsingar um stöðugt hærra hlutfall óbreyttra borgara meðal þeirra sem falla í stríðum. Síðast en ekki síst er í þessum sal spjaldskrá yfir fórnarlömb stríða og það verk er (því miður eðli málsins samkvæmt) enn í vinnslu og lýkur trúlega ekki fyrr en í öfyrrisjónlegri framtíð þegar við endurheimtum Paradís.

Í næsta rými er þremur myndböndum varpað risastórum uppá vegg. Myndirnar sýna daglegt líf í sundurskotnum og niðursprengdum borgum fyrrverandi Jógóslavíu



Frá sýningu Rúríar á Kjarvalsstöðum.

og það sem slær mann mest er fólkið sem er að reyna að eiga þar heima og lifa eðlilegu lífi, gengur um götur í hversdagslegum erindum, börn á leið í skóla, fólk á leið til vinnu o.s.frv. Þar eru líka nokkrir illa leiknir hlutir sem hafa týnt eignum sínum, s.s. kaffikanna og brúða frá fyrrum Jógóslavíu.

Myndlist

Áslaug Thorlacius

Einn hluti sýningarinnar eru uppstækkaðar síður úr íslenskum blöðum með fréttum af stríðsátökum. Inn á þær hefur Rúrí sett brot úr eigin dagbókum frá sömu dögum. Loks eru

myndir af fórnarlömbum stríða, fólk sem hefur hlotið varanleg örkuð á sál og/eða líkama, fólk sem hefur misst allt sitt, fólk sem hefur drepið, bæði börnum og fullorðnum. Að ógleymdum vefnum á netinu þar sem hægt er að finna flest það sem er á sýningunni auk tenginga við samtök á borð við Rauða krossinn og Amnesty International (<http://www.isholf.is/paradise.ruri/>)

Þetta er sterk sýning; andstæðurnar hrópa á mann. Sáttmálarnir kveða meðal annars á um að ekki skuli ráðast á óbreytta borgara eða heimili þeirra. Tölfræðin segir allt aðra sögu. Fréttirnar sem maður er svo fljótur að „venjast“ verða aftur hræðilegar þegar þær eru settar í samhengi við daglegt amstur listakonu á Íslandi og við liggur að manni þyki það ófyrirgefna munaður að vera að velta fyrir sér vegalengdinni til sólarinnar eða símtali við málmsteypumann.

Eiginlega verður ekki margt sagt um þessa sýningu, textinn verður tóm flatneskja. Þetta er sýning sem hver og einn verður að upplifa sjálfur. Og hún er holl áminning í andvarleysinu sem ríkir svo volduglega.

Athugasemd verð ég þó að gera við það að þjóðir heims skuli látnar heita upp á ensku. Yfirskriftirnar eru á íslensku og því ekki hægt að nota textaplötturnar á sýningum erlendis án þess að gera þær aftur svo ég get ekki séð neinn tilgang með því.

Sýningin stendur til 13. apríl.